

Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn fimmtudaginn 25. nóvember kl. 16 (fjarfundur)

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Kristinn Karel Jóhannsson sat fundinn undir öðrum dagskrárlið.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 19. október sl. var undirrituð rafrænt.

2. Árshlutauppgjör: 9 mánuðir

Farið var yfir árshlutauppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins, gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og frávikum frá áætlun. Stjórn staðfesti uppgjórið.

3. Skýrsla um starfsemina

Farið var yfir skýrslu um starfsemina fyrstu níu mánuði ársins. Lagt fram til kynningar.

4. Fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innheimtu skulda

Fyrirspurnin var lögð fram og rædd. Málinu frestað til næsta fundar.

5. Útboð á tryggingum félagsins

Farið var yfir útboðsferli á tryggingum félagsins og tilboðin sem bárust frá þremur tryggingafélögu. Lægsta boðið var frá Sjóvá. Stjórnin samþykkti að lægsta boði yrði tekið og fól framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Sjóvá til næstu þriggja ára.

6. Jafnlaunastefna

Fyrir fundinum lágu drög að jafnlaunastefnu. Jafnlaunastefnan var samþykkt.

7. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun

Fyrir fundnum lágu drög að jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun. Jafnréttisáætlunin og jafnréttisáætlunin var samþykkt.

8. Starfsskýrsla IE 2020/2021

Lögð var fram starfsskýrsla innri endurskoðunar gagnvert félaginu vegna 2020 og 2021. Lagt fram til kynningar.

Öðrum málum á dagskrá var frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 17.30

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir